FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
158. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 7. JÚLÍ 2017


# Loka Víðinesi þrátt fyrir mikla fjölgun

**Útlendingastofnun hefur sagt upp leigu á húsnæði sem hún hafði til afnota fyrir hælisleitendur.**

**SAMFÉLAG** Útlendingastofnun hefur sagt upp leigu á húsnæði í Víðinesi sem stofnunin hafði til afnota fyrir hælisleitendur, að sögn Þórhildar Hagalín, upplýsingafulltrúa Útlendingastofnunar. Húsnæðinu var skilað um síðustu mánaðamót. Sviðsstjóri hjá Rauða krossinum segir stjórnvöld verða að grípa til ráðstafana til þess að koma í veg fyrir viðlíka húsnæðisvanda og kom upp í fyrra.

„Við erum ekki komin með ný úrræði sem ég get upplýst um. Það er ýmislegt sem er í skoðun,“ segir Þórhildur. Hún segir að með skipulagsbreytingum hafi fólkinu sem var fyrir í Víðinesi verið komið í annað húsnæði. „Við erum með Arnarholt, í Bæjarhrauninu í Hafnarfirði og í nokkrum minni úrræðum,“ segir Þórhildur.

Útlendingastofnun tók Víðines á leigu í fyrrahaust og flutti um fjörutíu hælisleitendur þar inn í október, eftir að veggjalús kom upp í Bæjarhrauni. Þórhildur segir að aldrei hafi staðið til að húsnæðið í Víðinesi yrði nýtt til langframa. „Það var upphaflega gerður samningur til þriggja mánaða og svo var hann framlengdur,“ útskýrir hún. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, segir að ákveðið hafi verið að auglýsa húsnæðið í Víðinesi til leigu. Hann býst við að auglýsing verði birt í næstu viku.

Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun sóttu 130 einstaklingar um alþjóðlega vernd á Íslandi í júní. Heildarfjöldi umsókna á fyrstu sex mánuðum ársins er 500 en það eru um 80 prósent fleiri umsóknir en bárust á fyrri helmingi síðasta árs. Áætlar Útlendingastofnun að umsóknir um alþjóðlega vernd hér á landi geti farið upp fyrir 2.000 á árinu.

> **Ef við horfum fram á áttatíu prósenta fjölgun í ár, þá má búast við að það komi upp sams konar vandamál og í fyrra eða jafnvel meiri.**
>
> Atli Viðar Thorstensen, sviðsstjóri hjálpar- og mannúðarsviðs Rauða krossins

Atli Viðar Thorstensen, sviðsstjóri hjálpar- og mannúðarsviðs Rauða krossins, segir að skortur hafi verið á viðunandi húsnæði og umönnun fyrir hælisleitendur í fyrra. Aðbúnaður þeirra hafi auk þess ekki verið eins og best verður á kosið. „Ef við horfum fram á áttatíu prósenta fjölgun í ár, þá má búast við að það komi upp sams konar vandamál eða jafnvel meiri. Það hefði mikil óþægindi í för með sér fyrir alla. Það yrði bæði kostnaðarsamt og tímafrekt,“ segir hann.

„Við göngum út frá því að stjórnvöld séu að undirbúa sig til þess að geta hýst þennan fjölda sem er væntanlegur og eins að þau tryggi skjóta, skilvirka og vandaða málsmeðferð í málum þeirra, þannig að málin tefjist ekki lengi. Það er dýrt og auðvitað mjög slæmt fyrir þá sem þurfa að bíða úrlausnar.“ **– jhh, kij**



**Búast má við niðurstöðum úr sýnum sem tekin voru í Vesturbænum í dag en milljónir lítra af skólpi flæddu út í sjó úr skólphreinsistöðinni við Faxaskjól. Skólpið hafði þó lítil áhrif á lífríki á svæðinu.** FRÉTTABLAÐIÐ//VILHELM

# Býður fram aðstoð fyrir fleiri fórnarlömb Robert Downey

**LÖGREGLUMÁL** Bergur Þór Ingólfsson, leikstjóri og faðir stúlku sem Robert Downey, áður Róbert Árni Hreiðarsson, braut á segist ekki vita um fleiri stúlkur sem Robert hafi brotið á en séu fleiri fórnalömb hans þarna úti vilji hann heyra í þeim.

Á miðvikudag lagði kona fram kæru á hendur Downey fyrir kynferðisbrot og sagði hún sögu sína í fréttum RÚV í gær. Voru brotin af svipuðum toga og hann var sakfelldur fyrir árið 2008. Hann fékk uppreist æru fyrir skömmu en hann var dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fjórum stúlkum.

„Anna Katrín, konan sem steig fram í gær, var búin að vera í sambandi við dóttur mína og sækja styrk til hennar, eins og Halla Ólöf sem steig fram í síðustu viku. Við erum í sambandi við fullt af fólki en ég veit ekki af fleiri stúlkum, ekki ennþá. Áður voru þær fjórar en eru nú orðnar sex sem vitað er um. Séu fleiri þarna úti sem hann hefur brotið á auglýsi ég eftir þeim og býð þeim að hafa samband við mig eða Nínu Rún dóttur mína og við förum varlega með allar upplýsingar sem okkur er trúað fyrir.

> **Robert Downey var dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fjórum stúlkum árið 2008. Tvær aðrar hafa stigið fram á undanförnum dögum.**

Þær tvær sem hafa stigið fram eftir að Robert fékk lögmannsréttindin hafa átt trúnað okkar þangað til að þær tóku ákvörðun um það sjálfar að segja sína sögu. Þær eru hetjur.

Það er hægt að finna okkur á Facebook og senda skilaboð þar og við höfum líka haft aðgang að lögfræðingum sem eru fúsir til að hjálpa,“ segir Bergur en hann vill benda fólki á myllumerkið #höfumhátt þar sem hægt er að sjá flestar umfjallanir um málið. **– bb**

## Fréttablaðið í dag



Stjörnuspá **Siggu Kling** SÍÐA 24

**SKOÐUN** Kolbeinn Proppé spyr hvar áætlanir um endurbætur á samfélaginu séu. 8

**LÍFIÐ** Sigga Beinteins mun halda uppi stuðinu á Innipúkanum. 26

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Suðlæg eða breytileg átt 3-8 m/s í dag. Dálítil væta á Suður- og Suðvesturlandi, annars víða léttskýjað en þó skúrir á stöku stað síðdegis. SJÁ SÍÐU 18

# Stungu sér til sunds í Hafravatni



Það var vaskur hópur fólks frá Ferðafélagi Íslands sem stakk sér til sunds í Hafravatni í gær í undirbúningi fyrir Landvættina. Hópurinn æfir reglulega saman úti í íslenskri náttúru og eru æfingarnar af ýmsum toga, svo sem skíðaganga, fjallahjólreiðar, sund og fjallahlaup. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Meiri samdráttur en búist var við

**VIÐSKIPTI** Meiri samdráttur varð í sölu í verslunum smásölurisans Haga í júnímánuði en fjárfestar bjuggust við. Afkomuviðvörunin, sem félagið sendi frá sér á fimmtudagskvöld, kom þeim í opna skjöldu, en til marks um það lækkuðu hlutabréf félagsins um 4,26 prósent í 672 milljóna króna viðskiptum í gær.

Gengi hlutabréfa í Högum hefur fallið um tæp 28 prósent frá því að Costco opnaði undir lok maí. Tæpir sextán milljarðar af markaðsvirði félagsins hafa þurrkast út á þessum tíma. Gengi hlutabréfanna stóð í 39,35 krónum á hlut þegar markaðir lokuðu í gær og hefur ekki verið lægra frá því í ágúst árið 2014.

**Gengi hlutabréfa í Högum hefur fallið um tæp 28 prósent frá því vöruhús Costco var opnað.**

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur eitthvað verið um að fjárfestar hafi skortselt hlutabréf í Högum á undanförnum vikum og átt þannig þátt í lækkun hlutabréfaverðsins.

Fram kom í afkomuviðvörun Haga að sala í verslunum félagsins hefði dregist saman um 8,5 prósent í krónum talið í júnímánuði miðað við sama tímabil í fyrra að teknu tilliti til aflagðrar starfsemi. Þá minnkaði framlegð samstæðunnar um 0,4 prósentustig á milli ára.

Arnar I. Jónsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans, segir sölusamdráttinn ekki hafa komið á óvart. Hins vegar hafi hann verið heldur meiri en búist hafi verið við. Það hafi sést á viðbrögðum markaðarins í gær. „Það á enn eftir að koma í ljós hver langtímaáhrifin verða. Við lítum svo á að mesti skellurinn hafi verið í júnímánuði og mögulega á þessum ársfjórðungi en að þetta jafnist síðan út, ef svo má segja. Það á eftir að koma betur í ljós hver viðbrögð Haga verða við þessu breytta samkeppnisumhverfi,“ segir hann. – kij

## Óánægja með rafrettubann

**NOREGUR** Seljendur og notendur rafrettna í Noregi eru ekki ánægðir með að nú skuli vera bannað að „veipa“ alls staðar þar sem bann við reykingum venjulegra sígarettna gildir.

Bannið, sem nær yfir rafrettur með og án nikótíns, tók gildi um síðastliðin mánaðamót um leið og lög um staðlaðar umbúðir tóbaks tóku gildi.

Allir sígarettupakkar sem seldir eru í Noregi eiga framvegis að vera ólífugrænir og án auglýsinga. Markmiðið með lögunum er að koma í veg fyrir að börn og unglingar byrji að nota tóbak.

Vitað sé að útlit pakkninganna hafi áhrif á þau.

Tóbaksframleiðendur fá aðlögunartíma vegna laganna um breyttar umbúðir. – ibs

# Óttast bílastæðaskort við Keflavíkurflugvöll

**Búist er við því að 2.000 stæði Keflavíkurflugvallar fyllist í júlímánuði. Þá verða tekin í notkun 750 bráðabirgðastæði. Um 350 ný stæði bættust við á síðasta ári. Milli 200 og 400 manns innrita sig daglega frá og með miðnætti í morgunflug.**

**SAMGÖNGUR** Útlit er fyrir mikla umferð um Keflavíkurflugvöll næstu vikur og gætu hefðbundin stæði við Leifsstöð fyllst. Þetta segir Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Isavia.

„Það er mikil notkun á bílastæðum og nýting á þeim. Það er alveg búist við því að þau muni fyllast í sumar, í júlí sérstaklega. En þá erum við að taka í notkun 750 stæði sem við höfum upp á að hlaupa ef þetta kemur upp. Það er mikil aukning, því stæðin eru um 2.000,“ segir Guðni.

Hann segist vonast til þess að aukastæðin komi inn í áföngum. Verkinu á að ljúka 31. júlí. „Við stækkuðum um 350 stæði í fyrra og svo er þetta í raun grunnur undir 750 stæði í viðbót. Hægt verður að nota grunninn ef upp kemur svipuð staða og um páskana en þar verða svo lögð fullbúin stæði á næsta ári.“ Guðni segir að engar ákvarðanir hafi verið teknar um breytingar á gjaldskránni en gjöldin hækkuðu í fyrra.

Í lok maí var tilkynnt um að í sumar gætu farþegar Icelandair, WOW og Primera innritað sig frá og með miðnætti í morgunflug. Staðan hafði þá verið þannig síðustu misseri að um 150 til 200 farþegar dvöldu að jafnaði í flugstöðinni á nóttunni á meðan þeir biðu eftir að geta innritað sig í morgunflug. Talið var að þessi farþegafjöldi gæti farið allt upp í 300 til 400 í sumar.

Guðni segir að um 200 til 400 manns nýti sér þessa þjónustu daglega. „Þeir sem nýta sér þetta mest eru þeir sem hafa verið að koma á miðnætti og sofa í einum hluta af salnum áður. Það munar miklu upp á ásýnd og pláss í innritunarsalnum að þessir farþegar fari þá inn á svæði og séu ekki í svefnpokum upp um alla veggi. Þetta hefur gefist vel,“ segir Guðni.

Hann segir að á álagstímum hafi gengið vel að raða inn, sá heildartími sem það taki farþega að komast í gegn sé góður og öryggisleitin hafi gengið mjög hratt. „Við vonum að þetta muni halda svona áfram í sumar, júlí og ágúst eru stærri en júní en við vonum að þetta muni ganga.“ saeunn@frettabladid.is




Útlit er fyrir að öll bílastæðin við Leifsstöð fyllist í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Það er mikil notkun á bílastæðum og nýting á þeim. Það er alveg búist við því að þau muni fyllast í sumar.**



Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Isavia



Draumaeignin mín er við ___*(götuheiti)*___ . Það er margt frábært við ___*(nafn á hverfi)*___ , en ___*(nafn á stað)*___ er klárlega í uppáhaldi. Svo er líka stutt í ___*(staður sem þú sækir oft)*___ sem er mikill kostur.

þín framtíð
þitt húsnæðislán
framtidin.is

Framtíðin

## Hafa safnað yfir 35 milljónum

**SAMFÉLAG** Yfir 35 milljónir króna hafa safnast í landssöfnuninni Vinátta í verki, í þágu fórnarlamba hamfaranna á Grænlandi í síðasta mánuði. Fjögur sveitarfélög, Akureyri, Bláskógabyggð, Reykjanesbær og Skeiða- og Gnúpverjahreppur, bættust í gær í hóp þeirra 22 sveitarfélaga sem hafa lagt söfnuninni lið. Hafa skipuleggjendur biðlað til allra 74 sveitarfélaga landsins að leggja sitt af mörkum og hjálpa Grænlendingum á þessum erfiðu tímum.

Þúsundir manna hafa lagt söfnuninni lið á undanförnum dögum, en hver króna sem safnast rennur óskipt til þeirra sem verst urðu úti þegar flóðalda gekk yfir smáþorpið Nuugaatsiaq aðfaranótt 18. júní. **– kij**



**Georg Eiður Arnarson að háfa lunda.** MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

## Veiðimönnum treyst í Eyjum

**UMHVERFISMÁL** Þótt lög heimili veiðar á lunda frá 1. júlí til 15. ágúst verður aðeins leyft að veiða lunda í þrjá ágústdaga í Vestamannaeyjum líkt og undanfarin tvö ár. Þessi takmörkun er vegna mjög slaks ástands lundastofnsins.

**» Aðeins verður leyfilegt að veiða lunda í þrjá daga í ágúst í Vestmannaeyjum eins og tvö undanfarin ár.**

Fulltrúi minnihluta E-listans í umhverfisráði Vestmannaeyja vildi að ekki yrði strax ákveðið með veiðarnar. „Þar sem það sést varla lundi í fjöllunum né á sjónum er algerlega ótímabært að ákveða nú hvort óhætt sé að leyfa veiðidaga í ágúst," bókaði Georg Eiður Arnarson.

Fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks sögðu lundaveiðina viðhalda merkilegri menningu og hvöttu „bjargveiðimenn til þess að ganga fram af varkárni við veiðar og haga þeim með þeim hætti að lundinn njóti ætíð vafans". **– gar**

# Hótel skal sæta umhverfismati

**STJÓRNSÝSLA** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur fellt úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar um að bygging Fosshótels við Mývatn, á landi Grímsstaða í Skútustaðahreppi, skuli ekki sæta umhverfismati. Hótelið, sem er á verndarsvæði Mývatns og Laxár, var opnað um síðustu helgi. Umhverfissamtökin Landvernd, sem kröfðust þess að ákvörðun stofnunarinnar yrði felld úr gildi, telja að rekstur hótelsins geti ekki haldið áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Í tilkynningu frá samtökunum segir að þau muni krefjast tafarlausra aðgerða stjórnvalda í framhaldinu til þess að tryggja megi ýtrustu umhverfisvernd vegna starfsemi hótelsins. Gæta þurfi ýtrustu krafna um umhverfisvernd við Mývatn.

**» Ljóst er af úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála að hóteluppbyggingin við Mývatn þarf að sæta umhverfismati.**

Með úrskurði nefndarinnar er ljóst að grundvöllur fyrir leyfisveitingum Umhverfisstofnunar og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps fyrir hótelinu, sem byggðust á umræddri ákvörðun Skipulagsstofnunar, er brostinn. Nefndin taldi sig þó ekki hafa lagaheimild til þess að fella úrskurð um gildi leyfisveitinganna og var þeim þætti málsins af þeim sökum vísað frá. Ljóst sé hins vegar af úrskurði nefndarinnar að hóteluppbyggingin þarf að sæta umhverfismati.

Landvernd fagnar niðurstöðu nefndarinnar en gagnrýnir þó að nefndin skuli ekki hafa úrskurðað fyrr í málinu. Þegar sé búið að reisa hótelið og þá sé rekstur þess hafinn. Ekki náðist í forsvarsmenn hótelsins í gærkvöldi. **– kij**

# Leikskólabörnum af erlendum uppruna fjölgað um 22 prósent

**Leikskólanemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað um 22 prósent frá árinu 2011. Um 60 tungumál eru töluð og lætur Reykjavíkurborg leikskóla í té pening fyrir túlkaþjónustu. Ekki ástæða að ráð túlk í fullt starf. Reynt að ráða starfsfólk sem tali helstu tungumál. Fimmta hvert leikskólabarn af erlendum uppruna.**

**SAMFÉLAG** Erlendum leikskólanemendum í Reykjavík fjölgaði um rúm 22 prósent á árunum 2011 til ársins 2016. Hinn 1. október árið 2011 voru þeir 1.072 en þeir voru orðnir 1.313 í október síðastliðnum. Voru þeir þá tæplega 20 prósent af heildarfjölda leikskólabarna í Reykjavík.

Á leikskólanum Ösp í Breiðholti er hlutfall erlendra leikskólanemenda um 80 prósent. Sólveig Þórarinsdóttir, starfandi leikskólastjóri á Ösp, segir þessa þróun vera mjög hraða. „Reykjavíkurborg hefur sýnt stuðning en það má alltaf bæta í," segir Sólveig. Til að mynda fái leikskólinn peninga frá Reykjavíkurborg fyrir túlkaþjónustu. Það sé hins vegar mikil áskorun að takast á við það hve hratt fjöldi erlendra nemenda vex. „Það er að koma fullt af flóttafólki og það getur verið erfitt að vinna hlutina hratt," segir hún.

Sólveig segir að Reykjavíkurborg láti leikskólann hafa peninga fyrir túlkaþjónustu en ekki hafi þótt ástæða til að ráða túlk í fullt starf. „Þetta eru næstum 60 tungumál sem eru töluð og hvaða túlk á ég þá að taka," segir Sólveig. Hins vegar sé túlkur viðstaddur foreldraviðtöl og einnig sé reynt að ráða starfsfólk sem talar helstu tungumál. „Við erum til dæmis með pólskan starfsmann og það hjálpar ótrúlega mikið," segir Sólveig. Hún segir líka reynt að hafa skilaboð sem mest á myndrænu formi. „Við erum með matseðilinn myndrænan því þá er auðveldara að skilja hann og þá er fyrir neðan texti á íslensku og ensku," segir Sólveig.




**Alls eru um 6.600 börn í leikskólum í Reykjavík. Rúmlega fimmtungur þeirra er af erlendum uppruna og hefur þeim fjölgað töluvert á undanförnum árum. Á leikskólanum Ösp í Breiðholti er hlutfallið um 80 prósent.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á leikskólanum Miðborg eru 120 börn og er rúmur helmingur barnanna af erlendum uppruna og yfir 20 tungumál töluð. Kristín Einarsdóttir leikskólastjóri tekur undir það að leikskólinn fái ágætan stuðning við að þjónusta börnin. „Auðvitað vilja allir fá meira," segir Kristín en segist jafnframt vera mjög sátt við að fá túlkaþjónustu, skólanum að kostnaðarlausu. „Það er mjög mikilvægt vegna þess að þú gætir ímyndað þér ef þú ættir barn á leikskóla í Póllandi hvernig það væri fyrir þig að vera í umhverfi sem þú skilur ekki neitt," segir Kristín. Hún segist nýta þann mannauð sem hún hefur eins og hægt er hverju sinni. „Það er starfandi pólskur grunnskólakennari og leikskólakennari frá Litháen," segir Kristín. **– jhh**

**» 1.313 leikskólabörn voru af erlendum uppruna í október eða tæp 20 prósent af heildarfjöldanum.**






# Of fatlaður fyrir rafmagnshjólastól

**VELFERÐARMÁL** Sjúkratryggingar Íslands þurfa ekki að taka þátt í kostnaði við kaup á rafmagnshjólastól fyrir fjölfatlaðan karlmann. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar velferðarmála.

Í umsókn um styrk til kaupa á rafmagnshjólastólnum segir að maðurinn sé með CP og flogaveiki. Hann sé í hjólastól alla daga. Þá er hann með ýmsa áráttukennda hegðun, meðal annars gleypi hann loft og þurfi oft að ropa en til að losa loftið þurfi að setja hann í upprétta stöðu. Nýi stóllinn, sem sótt var um styrk fyrir, bjóði upp á að reisa hann í upprétta stöðu og auðveldi því bæði að losa loft sem og bleyjuskipti.



**Rafmagnshjólastól þarf maðurinn að greiða úr eigin vasa.** NORDICPHOTOS/AFP

Umræddur stóll kostar um fjórar milljónir króna. Sjúkratryggingar Íslands synjuðu umsókn mannsins þar sem hann félli ekki undir skilyrði reglugerðar um styrki vegna hjálpartækja. Niðurstaða stofnunarinnar var sú að maðurinn væri svo fatlaður að hann gæti ekki uppfyllt þau skilyrði sem gerð eru fyrir kostnaðarþátttöku.

Synjun stofnunarinnar var kærð til úrskurðarnefndar velferðarmála. Í niðurstöðu nefndarinnar segir að ljóst sé að nýi stóllinn myndi auðvelda umönnun mannsins til muna, en hún lendir að hluta á föður hans á sjötugsaldri. Meginmarkmið styrksins sé hins vegar að til móts við þá sem eiga erfitt með að brúka handdrifinn hjólastól. Þar sem maðurinn væri of fatlaður til að stýra stólnum sjálfur og að hann myndi eingöngu auðvelda umönnun var synjun Sjúkratrygginga staðfest. **– jóe**




VERÐ FRÁ:
**2.750.000** kr.
Eyðsla frá 3,2 l/100 | $CO_2$ losun frá 84 g/km

**MARGVERÐLAUNAÐUR**

Gæði Peugeot 308 heilla þig strax. Nútímaleg hönnun hans og útlit fangar athygli þína og við nánari kynni fellur maður kylliflatur fyrir smáatriðunum og notagildinu. Stílhrein og djörf útlitseinkennin, skilvirku vélarnar og framúrskarandi tæknin gera hann að bíl sem uppfyllir allar kröfur þínar og væntingar. Upplifðu hinn margverðlaunaða Peugeot 308 og þú munt sannfærast um gæði hans.

PEUGEOT 308

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
Lokað á laugardögum í sumar



**Donald Trump.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Trump krefst friðar í Úkraínu

**PÓLLAND** Donald Trump Bandaríkjaforseti kallar eftir því að Rússar hætti að „stuðla að ójafnvægi í Úkraínu“ og að þeir hætti að styðja „illskeytt stjórnvöld“ í Íran og Sýrlandi. Þetta sagði hann í ræðu sinni í Varsjá, höfuðborg Póllands, í gær. Þar var hann í opinberri heimsókn.

„Ég hvet Rússa til þess að ganga í samfélag skynsamra og ábyrgðarfullra þjóða í baráttunni gegn sameiginlegum óvinum,“ sagði forsetinn.

Dmitrý Peskov, talsmaður Vladimírs Pútín Rússlandsforseta, sagði í gær að Rússar væru ekki sammála því að þeir stuðluðu að ójafnvægi á svæðinu. „Þetta er einmitt ástæðan fyrir því að við bíðum eftir fyrsta fundi forsetanna tveggja.“

Pútín og Trump héldu til Hamborgar í Þýskalandi í gær til að sækja fund G20 ríkjanna. Munu þeir funda saman þar. **– þea**

## Allt á floti



Menn með hjálma virða fyrir sér á í bænum Asakura í Fukuoka-fylki Japans. Áin flæddi yfir bakka sína í gríðarlegum flóðum undanfarinna daga í suðvesturhluta landsins. Japanska fréttastofan NHK greindi í gær frá því að nærri hálf milljón hafi þurft að yfirgefa heimili sín. Ellefu sé saknað og að minnsta kosti tveir látnir. NORDICPHOTOS/AFP

# Melaskóli að grotna niður

**SKÓLAMÁL** Í tillögu Sjálfstæðisflokksins, sem lögð var fram öðru sinni á borgarráðsfundi í gær, er lagt til að undirbúningur verði nú þegar hafinn að viðbyggingu við Melaskóla. Mun fleiri nemendur séu nú í skólanum en hann rúmar með góðu móti. Hefur það margvíslegan vanda í för með sér. Aðgengi fyrir fatlaða er óviðunandi, mötuneyti skólans stenst ekki kröfur, salernisaðstaða nemenda og starfsfólks er úrelt og óásættanleg, sérkennsluaðstöðu er ábótavant, aðstöðuskortur háir sérgreinakennslu og starfsaðstaða kennara er af mjög skornum skammti.

Miðað við fyrirliggjandi spár um fjölda nemenda er ljóst að húsnæðisþörf Melaskóla verður ekki leyst til framtíðar án viðbyggingar, segir ennfremur í tillögunni. Í minnisblaði Skóla- og frístundaráðs kemur fram að varðandi bráðavanda á að fara í tilteknar endurbætur og viðhald á núverandi húsnæði og er það gert að beiðni skólans. Stjórnendur vilji ekki skipta upp nemenda- og starfsmannahópnum og séu frekar tilbúnir að búa við þröngan kost gegn því að farið verði í tilteknar aðgerðir.

Varðandi framtíðarskipan var niðurstaðan að stækka viðbyggingu og fara í nauðsynlegar endurbætur á eldra húsnæði skólans. Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar við gerð fjárhags- og fjárfestingaáætlunar.

Í breytingartillögu borgarráðs er lagt til að ráðist verði í brýnar viðhaldsframkvæmdir og endurbætur við skólann í sumar og haust, þar með talið málun innanhúss, viðhald og bón á gólfefni og tilfærslur innanhúss. Þá verði skólanum boðið viðbótarhúsnæði í nágrenninu frá og með næsta hausti. **– bb**

> **Aðgengi fyrir fatlaða er óviðunandi, mötuneyti skólans stenst ekki kröfur, salernisaðstaða nemenda og starfsfólks er úrelt og óásættanleg, sérkennsluaðstöðu er ábótavant, aðstöðuskortur háir sérgreinakennslu og starfsaðstaða kennara er af mjög skornum skammti.**


Guðmundarbúð Ísafirði

föstudag 7. júlí milli kl. 14:59 - 18:30
laugardaginn 8. júlí milli kl. 10:01 - 13:20

Undirfatnaðaður frá Anita og eldri týpur á allt að **70%** afslætti

Stærðir á brjóstahöldum, með og án vasa eru frá 65-125 og skálastærðum A-H.
Nærbuxur og sundföt frá 38-54






ýmsar forvitnilegar vörur verða með - sjá vefverslun

taramy.is - ERF ehf


# Ætlar að nýta kalda vatnið úr göngunum

**Norðurorka mun nýta kalda vatnið úr Vaðlaheiðargöngum og byggja vatnsból þar inni. Samkomulag undirritað á næstu vikum en fyrsti áfangi mun kosta Norðurorku um 100 milljónir. Nær langt upp í meðalnotkun íbúa Akureyrar.**

**IÐNAÐUR** Norðurorka á Akureyri ætlar að byggja vatnsból í Vaðlaheiðargöngum og nýta köldu vatnsæðina sem opnaðist þar vorið 2015 og tafði gangagröft. Samkomulag um að Norðurorka leiði vatnið út úr göngunum verður undirritað á næstu vikum og mun fyrsti áfangi verkefnisins kosta fyrirtækið um 100 milljónir króna.

„Við viljum nýta þetta til samfélagsins við Eyjafjörð og ætlum að byggja vatnsból inni í fjallinu og safna þessu saman á öruggan hátt. Við erum búin að láta meta gæði vatnsins og um hversu mikið magn verður að ræða á endanum,“ segir Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurorku, í samtali við Fréttablaðið.

Um 70 lítrar af köldu neysluvatni munu að sögn Helga streyma úr lögnum fyrirtækisins í göngunum á hverri sekúndu þegar fyrsta áfanga verður lokið. Meðalnotkun á Akureyri er um 115 lítrar á sekúndu en í fyrsta áfanga verður vatninu beint til sjávar.

„Þetta er því stór hluti af meðalnotkuninni og þvílík auðæfi fyrir samfélagið til langs tíma. Það er búið að hanna þetta en síðan eigum við eftir að byggja upp tankaaðstöðu og tengja þetta við vatnsveitukerfi Akureyrar og Svalbarðsstrandar. Við erum ekki búin að verðmeta seinni áfangann en þetta tækifæri gefst einungis einu sinni, að koma vatninu út, og við ætlum okkur að nýta það. Við viljum skrifa undir sem fyrst enda ekki eftir neinu að bíða,“ segir Helgi.

Norðurorka hefur kannað hvort nýta megi vatnið síðan stór misgengissprunga opnaðist í göngunum Fnjóskadalsmegin í apríl 2015 og um 500 lítrar af köldu vatni fóru að streyma inn í þau á sekúndu. Fylltust göngin þá af vatni á löngum kafla á sama tíma og heitt vatn streymdi úr annarri stórri sprungu Eyjafjarðarmegin sem opnaðist í febrúar 2014. Verktakar í göngunum sprengdu síðasta haftið þar í apríl síðastliðnum. **haraldur@frettabladid.is**



**Norðurorka vill kalda vatnið en óvíst er hvað verður um heita vatnið sem fór að streyma inn í göngin fyrir rúmum þremur árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> **Við viljum skrifa undir sem fyrst enda ekki eftir neinu að bíða.**
>
> Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurorku




HONDA
The Power of Dreams
FRUMSÝNUM
CIVIC
SEDAN
HONDA CIVIC SEDAN
182 HESTÖFL - TURBO
KR. 3.720.000
BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum
www.honda.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Ofurbónusar



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Hvað er eðlilegt að greiða starfsmönnum mikið í bónus? Við því er ekki neitt einhlítt svar en ljóst er að fregnir af bónusum til handa örfáum stjórnendum gömlu bankanna hafa misboðið almenningi. Frá því var greint í Markaðnum í vikunni að fjórir stjórnendur LBI, áður gamli Landsbankinn, myndu samanlagt fá 350 til 370 milljónir í bónusa vegna ákvörðunar Landsbankans um að flýta endurgreiðslu á skuld sinni við LBI. Þær greiðslur eru aðeins lítill hluti af bónuskerfi LBI en stjórnendur félagsins, meðal annars tveir Íslendingar, geta vænst þess að bónuspotturinn verði yfir tveir milljarðar.

Þótt slíkar bónusgreiðslur eigi sér enga skírskotun í íslenskan veruleika eru þær ekki einsdæmi þegar kemur að þeim félögum sem voru stofnuð á grunni eigna hinna föllnu banka. Í öllum tilfellum samþykktu hluthafar þeirra, sem eru einkum erlendir vogunarsjóðir, að koma á fót umfangsmiklu bónuskerfi. Fyrir liggur að bónusgreiðslurnar munu samanlagt nema vel yfir tíu milljörðum. Í einhverjum tilfellum falla þeir bónusar í skaut Íslendinga sem munu fá – og sumir hafa þegar fengið – mörg hundruð milljónir á mann. Sá bónus sem stjórnendur LBI hafa tryggt sér vegna fyrirframgreiðslna Landsbankans er merkilegur fyrir þær sakir að ekki verður séð að þeir hafi lagt neitt af mörkum eða haft áhrif á það að bankinn gerði upp skuldina við LBI. Engu að síður skilar sú niðurstaða þeim að meðaltali um 90 milljónum á mann í bónus. Með öðrum orðum fá þeir í reynd bónus fyrir að gera ekki neitt. Það er vel af sér vikið.

Það er samt mikilvægt að hafa í huga að sambærilegar bónusgreiðslur tíðkast með engum hætti á meðal íslenskra fyrirtækja um þessar mundir – hvorki í fjármálageiranum né atvinnulífinu almennt. Þannig gilda mun strangari reglur um kaupaukagreiðslur íslenskra fjármálafyrirtækja en í okkar nágrannalöndum og mega þau ekki greiða meira í bónus en sem nemur 25 prósentum af árslaunum starfsmanna. Reynslan hefur enda sýnt að óheftir kaupaukar í kerfislega mikilvægum fjármálastofnunum, sem sýsla með innlán almennings, ýta undir óhóflega áhættusækni til skamms tíma sem getur endað með skelfingu fyrir allt hagkerfið. Þau rök eiga ekki við í tilfelli eignarhaldsfélaga gömlu bankanna, sem eru ekki starfandi fjármálafyrirtæki og lúta ekki eftirliti FME, heldur hafa það eina hlutverk að selja eignir og greiða út til skuldabréfaeigenda. Þessar einföldu staðreyndir virðast stundum flækjast fyrir sumum, jafnvel þingmönnum, sem ættu líklega sumir hverjir að vita betur.

Þótt hörð viðbrögð almennings við ævintýralegum bónusgreiðslum séu skiljanleg þá eru takmörk fyrir því hversu langt löggjafinn getur gengið í að hafa afskipti af einkaréttarlegum samningum fyrirtækja. Þá vilja þingmenn oft gleyma því, þegar þeir setja fram misgáfulegar hugmyndir um ofurskatta á bónusa, að skattlagning þarf að vera almenn og skattaandlagið ákveðið með hlutlægum hætti. Raunveruleikinn er sá að ef girt verður fyrir slíkar bónusgreiðslur þá munu þeir fjármunir þess í stað skila sér í auknum endurheimtum erlendra vogunarsjóða og ríkissjóður fær ekki krónu í sinn hlut í formi skattgreiðslna. Ekki er að sjá að íslenskir almenningur væri endilega betur settur með þá niðurstöðu.

**Með öðrum orðum fá þeir í reynd bónus fyrir að gera ekki neitt. Það verður að teljast vel af sér vikið.**

Apótek Garðabæjar

**Gríptu lyfin á leiðinni heim**

**Apótek Garðarbæjar í alfaraleið**



Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

## Halldór




## Frá degi til dags

**Skítalykt**

**Skólphreinsistöð við Faxaskjól í Reykjavík er biluð og samkvæmt fréttum renna þaðan fleiri hundruð lítrar af óhreinsuðu skólpi í sjóinn á hverri sekúndu. Heilbrigðiseftirlitið segist ekki hafa séð ástæðu til að vara fólk, sem hugði á fjöruferð með börnum sínum, við menguninni. Umhverfisstjóri Orkuveitu Reykjavíkur segir hins vegar að hún myndi ekki fara með börnin sín í fjöru þar sem eru saurgerlar. Vafalaust hefðu einhverjir foreldrar sem fóru í fjöru viljað hafa þessar upplýsingar frá Orkuveitunni. Óþefurinn af vinnubrögðum starfsmanna borgarinnar í þessu máli virðist vera jafn mikill og úr fjörunni við Faxaskjól.**

**Hörð ummæli**

**Það hefur verið átakanlegt að fylgjast með málaferlum Adolfs Inga Erlingssonar gegn RÚV. Dómur var kveðinn upp í fyrradag og var RÚV dæmt til að greiða honum rúmar tvær milljónir í bætur vegna starfslokss, ólögmætrar uppsagnar og eineltis sem viðgekkst með blessun yfirmanna hjá RÚV. Adolf brást við dómnum með því að segja að hann hefði viljað „vera laus við að fá yfirmann frá helvíti". Spennandi verður að sjá hvort yfirmaðurinn, Kristín Hálfdánardóttir, unir við ummælin eða hvort brugðist verður við þeim með einhverjum hætti.** jonhakon@frettabladid.is

# Róttækni er þörf



Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður Vinstri grænna

Enn einn ganginn hefur ríkisstjórnin sýnt það í verki að hún hugsar fyrst og fremst um hag efsta lags samfélagsins. Boðaðar húsnæðisaðgerðir hennar nýtast ekki þeim sem mest þurfa á þeim að halda, heldur beinast að þeim sem hafa það betra. Enn einn ganginn hefur velferðarráðherra sýnt það að umgengni hans við tölur er uppfyndingasöm, svo ekki sé meira sagt. Á sínum stutta ferli sem ráðherra hefur hann farið með fleipur um útgjöld til Landspítalans og bætt kjör lífeyrisþega. Og nú veifar Þorsteinn Víglundsson meðaltalinu til að sýna fram á að aðgerðirnar séu nú ekki einungis fyrir þau sem best hafa það, heldur líka þau sem næstbest hafa það.

Sannast sagna nenni ég ekki að tala um meðaltal eða miðgildi launa, ég nenni ekki að taka þátt í teygjum velferðarráðherra. Það er einfaldlega fullkomlega ljóst að í þessu, eins og öðru, hugsar ríkisstjórnin ekki um þau sem verst hafa það.

Hvar eru áætlanir hennar um hækkun lægstu launa? Um hækkun bóta svo þær verði sómasamlegar? Um umfangsmiklar endurbætur á samfélaginu til að útrýma fátækt? Til að bæta kjör þeirra verst settu? Til að við höfum öll nóg að bíta og brenna, öruggt húsnæði, getum séð fyrir okkur og börnum okkar og leyft okkur eitthvað aukreitis? Hvar er baráttan gegn ofurlaunum og brjálæðislegum bónusum? Hvar er áherslan á opinbert heilbrigðiskerfi sem gagnast öllum? Á samneysluna? Hvar eru breytingarnar á skattkerfinu til jöfnuðar?

Ég dáist að því fólki sem getur lifað á lægstu launum, hvað þá þeim sem geta lifað á bótum. Því, ágæti lesandi, þetta er tiltölulega einfalt mál: Það þarf að bæta kjör þeirra verst settu, hækka lágmarkslaun, hækka bætur. Og það þarf að gera það að forgangsmáli.

Við þurfum nýja ríkisstjórn. Við þurfum sósíalíska hugsun um samfélag, ekki hóp einstaklinga. Við þurfum samtakamátt, samhygð, samkennd. Það er komið nóg af ég-pólitíkinni, þó hún sé falin í frösum um kerfisbreytingar og baráttu gegn fúski. Við þurfum róttækni.

**Það er komið nóg af ég-pólitíkinni, þó hún sé falin í frösum um kerfisbreytingar og baráttu gegn fúski.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# London, Ontario

Í DAG



Bergur Ebbi

Borgin London í Ontario fylki í Kanada, er einkum þekkt fyrir tvo hluti: Fyrir að bera sama nafn og höfuðborg Bretlands og fyrir að vera fæðingarstaður Justins Bieber. Til London fer enginn ótilneyddur, nema einstaka ráðvilltur túristi sem bókar flug til London International Airport en fær svo sjokk þegar hann finnur enga Buckinghamhöll heldur bara endalaust flæmi af Dick's Sporting Goods verslunum og bílastæðum.

En kannski er hægt að sjá Bieberinn í London því að þó að hann sé alþjóðleg stórstjarna sem býr í strandvillum í Los Angeles eða lúxushótelum víða um heiminn, þá lætur hann líka stundum sjá sig í Kanada. Um daginn gekk hann til dæmis inn í rússneskt baðhús í úthverfi Toronto án þess að boða komu sína á undan og gufusauð sig í nokkrar klukkustundir milli þess sem hann sat í setustofunni og horfði á Discovery Channel með rússnesku tali innan um aðra gesti. Baðhúsið verður aldrei samt eftir heimsókn Biebers. Í anddyrinu þar hangir nú mynd af honum, vel gufuðum og slökum með andlitið útbíað af rakakremi. „Smurður“ er orð sem myndi best lýsa heilögum Bieber á þessari mynd. Fyrir nokkrum vikum lét hann líka sjá sig á nauða ómerkilegum bar í miðbæ Toronto. Þetta er dæmigerður Ally McBeal-bar, þar sem fólk hittist eftir vinnu og borðar kalkúnasamlokur og drekkur vondan kranabjór og leggur drög að næsta vinnustaðaframhjáhaldi. En þegar Bieber mætti var honum skipað að taka nokkur lög á flygil staðarins og var gjörningurinn myndaður í bak og fyrir og nú er búið að breyta flyglinum í eins konar altari eða minningarreit um líkamlega nærveru hans og ofan á hann er búið að raða öllum hlutunum sem Bieber snerti meðan hann var inni á barnum. Sjúkt, en samt líka fallegt, því áður en smurður sonur London gekk inn á barinn þá var barinn ekki þekktur fyrir neitt.

**En þegar Bieber mætti var honum skipað að taka nokkur lög á flygil staðarins og var gjörningurinn myndaður í bak og fyrir og nú er búið að breyta flyglinum í eins konar altari eða minningarreit um líkamlega nærveru hans og ofan á hann er búið að raða öllum hlutunum sem Bieber snerti meðan hann var inni á barnum.**

En fyrir hvað er Bieber aftur þekktur? Allavega ekki fyrir að vera frá London. Hann er þekktur fyrir músík, dans og góða beinabyggingu en kannski umfram allt annað fyrir að hafa þolað það, án þess að byrja að vorkenna sjálfum sér, að sneiða sífellt litlar pjötlur af sál sinni og dreifa þeim á hina og þessa viðkomustaði í lífinu til að gæða þá merkingu. Það virkar þversagnarkennt, en kannski er örlæti hans stærsta sérkenni. Því hann veit að ein myndataka á baðhúsi í Toronto, sem hefur enga merkingu fyrir honum, er



þrungin merkingu fyrir eiganda baðhússins.

Justin Bieber er hluti af þessum pistli því hann er manneskja sem flestir þekkja. Hann er spegill hugmynda okkar. Ég get talað um hann hér og hann verður að sætta sig við það. Ég gæti meira að segja komist upp með að segja ýmislegt andstyggilegt um hann. Hann getur hins vegar aldrei sagt neitt ljótt um annað fólk án þess að þurfa að finna fyrir því. En ég ætla svo sem ekkert að tala illa um Justin Bieber. „Aðgát skal höfð í nærveru sálar“ og allt það. Ætli það gildi ekki um alheimssál Biebersins eins og aðrar sálir? Þetta er örstutt brot úr ljóðinu Einræður Starkaðar, eftir Einar Benediktsson. „Ofkvótuð alþýðuspeki,“ hugsa sumir og kannski er ýmislegt til í þeirri hugsun að hægt sé að vitna of oft í setningu, gæða hana of mikilli merkingu. Það þarf stundum að frelsa hugsanir, fella tré til að sjá lögun skógarins.

Einræður Starkaðar er þrátt fyrir allt ljóð sem sjálfsagt er að kafa ofan í. Það er byggt á sögninni um Starkað, sem er meðal annars varðveitt meðal fornaldarsagna Norðurlanda. Starkaður var hálfur guð og hálfur jötunn og dæmdur, af sjálfum goðunum, til að vera gæddur hæfileikum og langlífi goðs en nota alla hæfileikana til ills eins og skynlaus þurs. Og Einar fann sig í þessari sögn. Og þegar mektarárum hans var að ljúka, og öll hans viðskiptaáform voru að renna út í sandinn, lýsir hann því í ljóðinu hvernig hann gekk heim til sín eftir að hafa setið heila nótt við drykkju. Þetta var í London, ekki í Ontario. Sólin var komin upp og fuglarnir byrjaðir að syngja og á göngu sinni rakst hann á „tötrasvein“ og lagði pening í lófa hans. Og þegar hann sá andlit betlarans lýsast upp við að fá þennan litla pening í lófann, helltist yfir hann sektarkennd því hann hafði sjálfur sólundað margföldum slíkum upphæðum án þess að finna hið minnsta fyrir því. Gullið var: „gnótt“ í hönd betlarans en „aska“ í hendi Einars. Ekki jafn vel meitlað og þetta með aðgátina og sálina – en spakmæli engu að síður.

Við getum skírt borgir London án þess að það geri þær merkilegar. En á móti kemur að lávarðar heims eru lagðir í jötur og hér er ég ekki að reyna að segja neitt trúarlegs eðlis. Ég er bara að segja að það er löngu búið að skrifa söguna og hún endurtekur sig aftur og aftur og það eina sem við þurfum að gera til að skilja hana er að lesa ljóðin í heild sinni.




# Útsölulok

## LOKADAGUR 9. JÚLÍ

Nordic SM11-borðstofuborð
**Nú 99.900**
SPARAÐU 90.000



**Nordic SM 11-borðstofuborð. Hvít borðplata, svartir fætur. 2 stækkunarplötur fylgja í geymslu undir borði. 183/275 cm. 189.900 kr. Nú 99.900 kr.**

*35%*
furninova



Goteborg-hægindastóll. Eikar grind með gráu leður áklæði B2. 124.900 kr. Nú 79.900 kr.

*25%*



Bolette-ljósasería. Ýmsir litir. 20 led ljós. 5.995 kr. Nú 4.495 kr.

*50%*



Clay-innskotsborð. 3 í setti. Viðarplata, járngrind. 39.900 kr. Nú 19.900 kr.

*40%*



Andorra-hægindastóll. Dökk- eða ljósgrár. 27.900 kr. Nú 16.400 kr.

*30%*
AF CLASSIC HANDKLÆÐUM



*50%*
AF ÖLLUM VISKASTYKKJUM



Viskastykki í ýmsum gerðum og litum. Verð frá 795 kr. Nú 395 kr.

*25%*
AF NORDIC MATARSTELLI
broste COPENHAGEN



*50%*



Dream-sæng. 135 x 200 cm. 90% andadúnn 650g 22.995 kr. Nú 11.495 kr.



Dream-koddi. 60 x 63 cm. 650g fjaðrir og fiber. 3 hólf. 5.995 kr. Nú 2.995 kr.



Dream-koddi. 60 x 63 cm. Viscos. 3 hólf. 3.995 kr. Nú 1.995 kr.

*30%*
AF MARSEILLE SÁPUM



*40%*
AF ÖLLUM SESSUM



Square-sessur. 45 x 45 x 7 cm. Kemur í 4 litum. 2.995 kr. Nú 1.797 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

40%



Cape Town-stóll með sessu. Pólýrattan. L57 X B50 xH82 cm. 29.900 kr. Nú 17.900 kr.

30%



Botanic-stóll. Hvít seta og fætur úr gúmmívið. 24.900 kr. Nú 17.400 kr.

40%



Siena-sófi. Legubekkur + 2,5 sæti. Grátt áklæði L300 cm. 269.900 kr. Nú 149.900 kr. Fæst einnig speglaður.

40%



Front-kommóða. 2+3 skúffur hvít eða svört. B 78,6 x D49,8 x H85,3 cm. 29.900 kr. Nú 17.900 kr.

35%



Timo-rúm. Millihátt rúm, stigi og rimlabotn. L207,5 x B90 x H114 cm. 29.900 kr. Nú 18.900 kr. Dýna seld sér.

50%

Serta

Serta Camari - 99x191 cm

**Nú 44.900**

SPARAÐU 45.000



Mjúk gormadýna með tvöföldu lagi af ® PillowSoftTM svamp.
99 x 191 cm. 89.900 kr. Nú 44.900 kr.
193 x 203 cm. 179.900 kr. Nú 89.900 kr.

VARA HÆTTIR

Mallorca-borð

**Nú 29.900**

SPARAÐU 20.000



Mallorca-borð. Ø110 cm. Hvít laminat borðplata, eikarfætur. 49.900 kr. Nú 29.900 kr.
Bow-borðstofustóll. Svört seta með eikarfótum. 19.900 kr. Nú 13.900 kr.

# 25-40% AFSLÁTTUR
## AF ÖLLUM SUMARVÖRUM



Panama-stóll

**Nú 8.900**

SPARAÐU 5.000

**Panama-stóll. Gulur 13.900 kr. Nú 8.900 kr.**

VEXTIR 0%

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING**

Þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

VISA MasterCard

**3 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MEÐ** Netgíró

## Valur flaug inn í aðra umferðina með sigri á Hlíðarenda



Færi! Kristinn Ingi Halldórsson, framherji Vals, skoraði ekki í leiknum á móti lettneska liðinu Ventspils í gærkvöldi en það kom ekki að sök því Valsmenn komust áfram með 1-0 sigri. Markið skoraði Sigurður Egill Lárusson í seinni hálfleik. Valur mætir slóvensku liði í annarri umferðinni en KR ferðast alla leið til Ísrael og mætir þar Viðari Erni Kjartanssyni og félögum í Maccabi Tel Aviv. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Er að koma heim sem þjálfari

**Snorri Steinn Guðjónsson verður spilandi þjálfari Vals á næsta tímabili. Hann segist vera að koma heim sem þjálfari og segir að það komi í ljós hvað hann spili mikið. Valsmenn setja markið hátt næsta vetur.**

**HANDBOLTI** Einn af bestu sonum Vals, Snorri Steinn Guðjónsson, var kynntur sem spilandi þjálfari liðsins á blaðamannafundi í Valshöllinni í hádeginu í dag. Hann snýr því aftur til uppeldisfélagsins eftir 14 farsæl ár í atvinnumennsku erlendis.

Snorri Steinn mun stýra Valsliðinu ásamt Guðlaugi Arnarssyni. Óskar Bjarni Óskarsson stígur til hliðar sem þjálfari karlaliðsins en verður eins konar handboltastjóri Vals.

Valsmenn eru ríkjandi Íslands- og bikarmeistarar og stefna hátt á næsta tímabili. Auk Snorra Steins hefur Valur samið við Árna Þór Sigtryggsson og Magnús Óla Magnússon, sem koma báðir heim úr atvinnumennsku, og Einar Baldvin Baldvinsson, markvörð unglingalandsliðsins.

Snorri Steinn hefur undanfarin þrjú ár leikið við góðan orðstír í Frakklandi, fyrst með Sélestat og undanfarin tvö ár með Nimes. Snorri Steinn átti eitt ár eftir af samningi sínum við Nimes en komst að samkomulagi um starfslok við félagið.

„Ég gerði fínan starfslokasamning sem var lykilatriði fyrir mig persónulega. Í kjölfarið ræddi ég við Valsara og við vorum sammála um að ég kæmi inn í félagið. Við fundum flöt á því sem ég held að allir séu ánægðir með,“ sagði Snorri Steinn í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann segist hafa ætlað að klára þetta eina ár sem hann átti eftir af samningi sínum en svo hafi staðið til að vera lengur úti.

„Eitt ár í viðbót hefði ekki gert neitt auka fyrir mig. Ég er mjög sáttur við þetta. Ég átti þrjú mjög góð ár í Frakklandi, spilaði vel og er í frábæru formi. Hjartað var farið að leita heim hjá mér og fjölskyldunni,“ sagði Snorri Steinn.



Snorri Steinn er kominn aftur til Vals eftir 14 ára fjarveru. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það er ekki hægt að segja að Snorri Steinn komi haltrandi heim. Hann spilaði vel í Frakklandi og var níundi markahæsti leikmaður frönsku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili. Á því þarsíðasta var hann fimmti markahæstur. En er Snorri Steinn nokkuð að koma heim til að fúna á bekknum?

„Ég ræð því náttúrulega sjálfur,“ sagði þjálfarinn og hló. „Ég er að koma heim sem þjálfari. En ég er í góðu standi og mun æfa með liðinu. Það verður bara að koma í ljós hvað ég spila mikið. Ég sé mig ekki endilega sem byrjunarliðsmann sem spilar 60 mínútur í hverjum leik,“ sagði Snorri Steinn sem lék síðast með Val tímabilið 2002-03.

Eins og áður sagði eru Valsmenn ríkjandi Íslands- og bikarmeistarar og markmiðin fyrir næsta tímabil eru skýr.

„Við ætlum að halda áfram á sömu braut. Íslands- og bikarmeistarar hafa það yfirleitt að markmiði að verja titlana. Við höfum reyndar ekkert rætt það en það er nokkuð augljóst hvað við ætlum að gera. Við erum búnir að styrkja okkur og erum með gott lið og góða breidd. Það er ekkert að því að setja sér háleit markmið,“ sagði Snorri Steinn.

Valsmenn komust alla leið í undanúrslit Áskorendabikars Evrópu á síðasta tímabili en féllu úr leik á umdeildan hátt fyrir Potaissa Turda frá Rúmeníu. Valur tekur þátt í EHF-bikarnum á næsta tímabili og stefnan er sett hátt þar.

„Það er ekki spurning. Íslenska deildin og íslensku liðin eru ekkert þau hæst skrifuðu en það er alveg óþarfi að skrá sig í Evrópukeppni ef þú ætlar ekki að fara lengra. Valsmenn sýndu það í fyrra að íslensk lið eiga að setja markið hátt hvað þetta varðar,“ sagði Snorri Steinn sem hefur lengi stefnt á þjálfun.

„Já, merkilega lengi. Þetta hefur blundað full lengi í mér. Ég var byrjaður að pæla í þessu og undirbúa þetta. Mér fannst ég vera kominn á þann stað að fara að byrja þetta og rekast á þessar hindranir sem fylgja því að verða góður þjálfari. Ég held að ég sé tilbúinn í það. Ég tek við góðu liði með gott bakland og held að ég sé á frábærum stað til að byrja þjálfaraferilinn,“ sagði Snorri Steinn.

Hann er einn fjölmargra atvinnumanna sem eru á heimleið en Olísdeildin hefur ekki verið jafn sterk í mörg ár, ef ekki áratugi. Snorra Steini líst vel á deildina hér heima og segir að það þurfi að nýta meðbyrinn.

„Þetta er frábært fyrir íslenskan handbolta og svolítið eins og þetta á að vera. Þróunin var þannig að menn voru kannski að fara of snemma út og í ekkert frábærar deildir eða lið. En þegar deildin er svona sterk eins og hún er núna þurfa menn ekkert að fara út til að komast í betri bolta. Þetta er góð þróun en nú þarf að nýta þennan meðbyr. Hlutirnir gerast ekkert af sjálfum sér,“ sagði Snorri Steinn að lokum. ingvithor@365.is

## Nýjast

**Evrópudeild UEFA, forkeppni**

**SJK - KR 0-2**
0-1 Pálmi Rafn Pálmason (51.), 0-2 Tobias Thomsen (83.).

*KR vann einvígið samanlagt 2-0, og mætir Viðari Erni Kjartanssyni og félögum í Maccabi Tel Aviv í 2. umferðinni.*

**Shamrock - Stjarnan 1-0**
1-0 Graham Burke (20.).

*Stjarnan tapaði einvíginu samanlagt, 2-0.*

**Valur - Ventspils 1-0**
Sigurður Egill Lárusson (71.)

Valur vann einvígið samanlagt, 1-0, og mætir Domzale frá Slóveníu í 2. umferð.

**Inkasso-deildin**

**Leiknir R. - Þór 0-2**
0-1 Jóhann Helgi Hannesson (31.), 0-2 Gunnar Örvar Stefánsson (90.).

**Fram - Keflavík 0-1**
0-1 Hómar Örn Rúnarsson (47.).

**HK - Grótta 2-0**
1-0 Bjarni Gunnarsson (33.), 2-0 Bjarni Gunnarsson (40.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 10 | 6 | 3 | 1 | 16-7 | 21 |
| Fylkir | 9 | 6 | 1 | 2 | 16-7 | 19 |
| Þróttur R. | 9 | 6 | 1 | 2 | 17-10 | 19 |
| Þór | 10 | 5 | 0 | 5 | 16-14 | 15 |
| Fram | 10 | 4 | 3 | 3 | 13-14 | 15 |
| Selfoss | 9 | 4 | 2 | 3 | 11-14 | 14 |
| Haukar | 9 | 3 | 4 | 2 | 14-11 | 13 |
| HK | 10 | 4 | 0 | 6 | 12-15 | 12 |
| Leiknir R. | 10 | 2 | 5 | 3 | 13-14 | 11 |
| ÍR | 9 | 2 | 2 | 5 | 9-14 | 8 |
| Leiknir F. | 9 | 2 | 1 | 6 | 10-22 | 7 |
| Grótta | 10 | 1 | 2 | 2 | 6-16 | 5 |

### BOÐ Á OPNA BANDARÍSKA

Valdís Þóra Jónsdóttir, atvinnukylfingur úr Leyni, fékk í gær keppnisrétt á opna bandaríska meistaramótinu í golfi sem er það stærsta sem til er í kvennagolfinu. Aðeins nokkrum dögum eftir að Ólafía Þórunn Kristinsdóttir lauk leik á PGA-meistaramótinu kom þetta boð til Valdísar þannig að okkar fremstu kylfingar eru heldur betur að gera góða hluti. Valdís Þóra var fyrst á biðlista inn á mótið eftir að ná frábærum árangri á úrtökumóti í Englandi á dögunum. Þar missti hún af öruggu sæti í bráðabana, en fékk símtal í dag þar sem henni var tilkynnt að hún fengi keppnisrétt á mótinu. Valdís Þóra er um þessar mundir í Taílandi þar sem hún keppir á móti í LET-mótaröðinni. Hún átti slæman fyrsta dag og endaði á sex höggum yfir pari. Hún á þó enn möguleika á að komast í gegnum niðurskurðinn.



## Í dag

**Sportrásir Stöðvar 2**
**19.00 Greenb. Classic** Golfstöðin
**19.05 Selfoss - Þróttur** Sport
**22.00 Thornb. Classic** Golfstöðin

**Pepsi-deild karla**
**19.15 FH - Víkingur Ó.**

**Inkasso-deildin**
**19.15 Selfoss - Þróttur R.**
**19.15 Fylkir - Haukar**


THE NORTH FACE
STÆRSTA
ÚTIVISTARMERKI Í HEIMI
Duffel töskur
Frábæru farangurstöskurnar
sem þola allt.
Til í ýmsum stærðum
og litum.
frá 15.990 kr.
Exploration buxur
Vinsælu göngu- og ferðabuxurnar
fáanlegar með og án rennilláss
á skálmunum.
Dömu/herra
frá 10.990 kr.
Stormbreak 2 tjald
Létt 2 manna göngutjald.
Ytra tjald: 3000 mm Polyester
PU húðað.
Innra tjald: Polyester.
37.990 kr.
Aleutian svefnpoki
Þægilegur og hlýr svefnpoki.
Mesta kuldaþol: -24°C.
Þolmörk: -7°C.
Þyngd: 1,8 kg.
15.990 kr.
Frábært verð
TNF Hedgehoq Hike
Vinsælir, léttir og þægilegir.
Fáanlegir í Mid hæð og lágir.
GTX vatnsvörn og
Karla/kvenna
19.990 kr.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is



Okkar ástkæri
**Joseph Lee Lemacks**
verslunarmaður,
Dofraborgum 15, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 30. júní.
Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 10. júlí klukkan 13.

**Eygló Jósephsdóttir**
**Agnar Tr. Lemacks** **Kristjana B. Stefánsdóttir**
**Árný Elsa Lemacks** **Hilmar Thor Hilmarsson**
**Böðvar Darri Lemacks** **Ingadóra Snorradóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
**Sigurjón Jónsson**
bifreiðarstjóri,
Bólstaðarhlíð 41,

sem lést á og dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 2. júlí verður jarðsunginn frá Áskirkju mánudaginn 10. júlí klukkan 13.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarkort Grundar.

**Sigríður Jónsdóttir**
**Ágúst Sigurjónsson** **Sesselja Hrönn Jensdóttir**
**Helga Jónína Sigurjónsdóttir** **Hafsteinn Már Ársælsson**
**Guðný Sigurjónsdóttir** **Svavar M. Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,
**Sigurjóns Hannessonar**
fv. skipherra,
Klapparhlíð 5, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki krabbameinslækningadeildar, líknardeildar Landspítalans og hjúkrunarþjónustu Karítas fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Blessuð sé minning hans.**

**Maggý Björg Jónsdóttir**
**Jóhann Sigurjónsson** **Ásta Hilmarsdóttir**
**Ólafur G. Sigurjónsson** **Lilja Guðbjartsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Jón Sveinsson**
Reyni í Mýrdal, til heimilis að Klausturhólum, Kirkjubæjarklaustri,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi laugardaginn 1. júlí sl.
Útförin fer fram frá Reyniskirkju í Mýrdal laugardaginn 8. júlí kl. 14.00.

**Erla Pálsdóttir**
**Páll Jónsson** **M. Sigríður Jakobsdóttir**
**Margrét Jónsdóttir** **Sigurjón Árnason**
**Sigurlaug Jónsdóttir** **Ólafur Helgason**
**Sveinn Jónsson** **Jóna Svava Karlsdóttir**
**Jónatan G. Jónsson** **Valgerður Guðjónsdóttir**
**Guðrún Jónsdóttir** **Jón E. Einarsson**
**Einar Jónsson** **Ágústa Bárðardóttir**
**Guðbjörg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 512 5000.

# Sveiflukenndur áratugur í útgáfubransanum

**Record Records fagnar 10 ára afmæli á árinu. Útgáfan er fremur smá í sniðum en hefur þó ýmsar metsöluplötur á ferilskránni frá Of Monsters and Men og fleirum. Í dag kemur út safnplata í tilefni afmælisins þar sem má finna smelli frá listamönnum Record Records.**



**Haraldur Leví Gunnarsson hefur næstum í heilan áratug verið eini maðurinn við stýrið hjá útgáfufyrirtækinu Record Records.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Íslenska plötuútgáfan Record Records fagnar nú á árinu 10 ára starfsafmæli. Útgáfan er nú ekki stór – hún hefur þegar best hefur látið haft tvo starfsmenn, en hefur svo sannarlega látið til sín taka og gefið út plötur eftir bestu tónlistarmenn landsins; Of Monsters and Men, Mammút, Retro Stefson og Júníus Meyvant svo örfáir séu nefndir. Í tilefni afmælisins verður gefin út í dag safnplatan Record Records 10th Anniversary og mun hún innihalda nokkur af vinsælustu lögunum með hljómsveitum og tónlistarfólki sem hefur gefið út hjá útgáfunni. Maðurinn bak við hið heiðarlega útgáfufyrirtæki Record Records er Haraldur Leví Gunnarsson.

Hvernig hafa árin tíu verið hjá þér í þessum sviptingasama bransa?

„Árin hafa verið upp og niður og aftur upp og aftur niður.

Þetta byrjaði rólega hjá mér, var eiginlega bara hobbí fyrstu tvö árin. Það var ekki fyrr en 2009 sem ég fór í þetta af alvöru krafti. Svo fór þetta alveg á flug hjá mér 2011 þegar fyrsta Of Monsters and Men platan kom út og gerði manni kleift að gera ennþá meira,“ segir Haraldur en hann byrjaði útgáfuna árið 2007 og var hún þá eins og hann segir bara áhugamál sem hann stundaði á milli þess sem hann afgreiddi hljómplötur í verslun í Reykjavík og trommaði með hljómsveitinni Lada Sport.

Menn hafa talað um að útgáfubransinn sé gjörsamlega hruninn, en Record Records lifir enn 10 árum síðar. Er það að þínu viti rétt að útgáfubransinn sé aðeins að detta í gang núna eftir ákveðna lægð?

„Já – það er allavega mikið af nýjum góðum plötum að koma út í ár. Í fyrra var eiginlega þurrkatímabil, það kom bara eiginlega ekkert út þá. Við gáfum jú reyndar út bestu plötuna, með Júníusi Meyvant,“ segir Haraldur hlæjandi „Jú, Mugison var með plötu líka. En það var mjög lítið um útgáfu í fyrra, svona miðað við oft áður. Þetta ár er rúmlega hálfnað og fram að þessu er það mjög áhugavert.

> **Árin hafa verið upp og niður og aftur upp og aftur niður.**

Þetta er náttúrulega spurning um framboð og eftirspurn – aðallega í þessu tilfelli framboð. Það koma tímabil þar sem hljómsveitum gengur illa að semja og gefa út plötur, svo koma góð ár inn á milli. Tónlistarneysla hefur aldrei verið meiri en hún er í dag, þó svo að „físíkal“ eintökin seljist minna.“

Hvað er fram undan hjá Record Records?

„Fram undan er náttúrulega bara að halda áfram, halda áfram að berjast og gefa út góða tónlist. Ég tók að mér fyrir þremur árum að gerast umboðsmaður Júníusar Meyvants. Það tekur frá manni mestan daginn. Við erum að klára að fylgja eftir síðustu plötu og þannig. Síðan er að koma út ný Mammútplata í næstu viku og í september erum við að gefa út endurútgáfu af Fólk er fífl með Botnleðju á vínyl. Annars er bara verið að undirbúa nýja plötu með Júníusi Meyvant sem kemur út á næsta ári.“

**stefanthor@frettabladid.is**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Magnea G. Hannesdóttir Waage**

lést að morgni þriðjudagsins 4. júlí.
Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju mánudaginn 10. júlí kl. 13.

**Edda Vilborg Guðmundsdóttir** **Elías Sv. Sveinbjörnsson**
**Ágúst Guðmundsson**
**Elísabet Waage**
**Kristín Waage** **Reynir Þór Finnbogason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæra
**Ágústa Lárusdóttir**
lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 5. júlí. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 13. júlí kl. 13.

**Héðinn Baldvinsson**
**Gunnar P. Héðinsson** **Ingibjörg Valgeirsdóttir**
**Sigríður Héðinsdóttir**
**Gísli Héðinsson**
**Auður Héðinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Aldís Petra Albertsdóttir**
áður til heimilis á Krókatúni 8, Akranesi,

andaðist á dvalarheimilinu Höfða þriðjudaginn 4. júlí. Jarðarförin fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 24. júlí kl. 13.00.

**Hinrik Helgi Hallgrímsson** **Sigrún Sigurðardóttir**
**Guðrún Hallgrímsdóttir**
**Sigríður Hallgrímsdóttir** **Sigurður Már Jónsson**
**Petrína Hallgrímsdóttir**
**Ragnhildur Hallgrímsdóttir** **Guðjón Arnar Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,
**Hallgríms Viðars Árnasonar**
húsasmíðameistara,
Þjóðbraut 1, Akranesi.

Guð blessi ykkur öll.

**Sigurbjörg Halldórsdóttir**
**Halldór B. Hallgrímsson** **Guðrún Hróðmarsdóttir**
**Harpa Hallgrímsdóttir** **Kristinn Ólason**
**Steinunn Hallgrímsdóttir**
**Árni Þór Hallgrímsson** **Ingibjörg Ásgeirsdóttir**
**og afabörn.**

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 7. JÚLÍ 2017



# Tónleikatúr og síðan maraþon

Einn okkar allra besti söngvari, Valdimar Guðmundsson, ferðast nú um landið ásamt Erni Eldjárn gítarleikara og treður upp á nokkrum stöðum þar sem hann hefur aldrei sungið áður. →2

MYND/EYÞÓR



Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Framhald af forsíðu

Valdimar er með í farteskinu einlæga og hugljúfa dagskrá með alls kyns uppáhaldslögum þeirra félaga. Valdimar flytur tónlist sína með djúpri tilfinningu og seiðandi rödd, eins og hann er frægastur fyrir. Gestir tónleikanna fá örugglega að heyra mörg vinsælustu laga hans eins og Yfirgefinn, Yfir borgina og Littu sérhvert sólarlag. Sjálfur segist hann ætla að flytja lög sem hann hefur flutt í gegnum tíðina, bæði með eigin hljómsveit og öðrum. „Þetta verður Memphismafían, Bítlarnir, Abba, Radiohead og margt fleira. Þetta verður breiður pakki af músík. Ég er búinn að setja upp fimmtíu laga lista sem verður spilaður eftir því sem hentar. Það verða ekki alltaf sömu lögin á tónleikunum,“ segir hann og bætir við: „Mér finnst alltaf skemmtilegast þegar ég fæ gott hljóð og góða hlustun í salnum. En það er líka gaman þegar myndast notaleg stemming því lögin mín eru yfirleitt í rólegri kantinum.“

## Skólabræður á ferðinni

Örn Eldjárn hefur oft leikið áður með Valdimar en einnig hefur hann unnið með Snorra Helgasyni, Tilbury, Brother Grass ásamt hljómsveitinni Valdimar. „Við höfum starfað mikið saman. Vorum samtímis að læra tónsmíðar í Listaháskólanum. Eftir útskrift byrjuðum við að vinna saman,“ segir Valdimar. „Við höfum komið fram á nokkrum stöðum á landinu en aldrei áður farið saman í tónleikatúr. Okkur hefur lengi langað til að fara rúnt um landið og taka lagið á skemmtilegum stöðum. Þar sem júlí var ekkert sérstaklega annasamur hjá okkur ákváðum við að leggja í hann núna,“ segir Valdimar. „Þannig að loksins ætlum við að kýla á þetta.“

Ferðalagið er byrjað. Þeir félagar voru á Rifi á miðvikudagskvöldið, á Drangsnesi í gærkvöldi og í kvöld koma þeir fram á Heimsenda á Patreksfirði. Á morgun er það Ísafjörður. Þar á eftir verður hann í heimabyggð, á Paddys í Keflavík. „Þar kom hljómsveitin Valdimar fyrst fram á sínum tíma,“ segir hann. Reykvíkingar geta séð hann á Rosenberg 13. júlí. „Þetta verður gott ferðalag. Mér finnst ótrúlega gaman að ferðast um landið. Frá því ég byrjaði að syngja hef ég ferðast mikið um landið. Hafði eiginlega ekki gert mér grein fyrir hversu lítið ég hafði ferðast áður. Eftir því sem maður eldist uppgötvar maður betur og betur hvað landið er fallegt og hefur upp á margt að bjóða. Það þarf ekki að keyra langt út úr borginni til að finna hreina og fallega náttúru. Ég fór stundum í tjaldútilegur með foreldrum mínum sem krakki en þá kunni maður ekki eins að meta þessa íslensku sveit,“ segir Valdimar.

## Á gamlar slóðir

„Ég fór mjög oft til Hjalteyrar sem barn. Það er gaman að segja frá því að við verðum með tónleika þar 17. júlí í Gömlu síldarverksmiðjunni. Afi minn er frá Hjalteyri og ég á ættir að rekja þangað. Við förum sömuleiðis til Dalvíkur þangað sem Örn á ættir sínar að rekja en hann er úr Svarfaðardal en mikið af okkar tónlistarfólki kemur einmitt þaðan. Við sleppum því að koma fram á Akureyri og völdum frekar þessa minni staði. Við vonumst hins vegar til að sjá Akureyringa á Hjalteyri og Dalvík. Ég hlakka mikið til að halda tónleika í litla þorpinu sem ég þekkti svo vel sem krakki og þar lék ég mér á sumrin. Heimamenn eru yfirleitt duglegir að mæta á tónleika og einstaka ferðamaður lætur líka sjá sig,“ segir Valdimar þegar hann er spurður hverjir komi helst á svona tónleika. „Ég hef aldrei sungið fyrr á Hjalteyri, ekki heldur á Seyðisfirði og Vopnafirði en þar verðum við 20. og 21. júlí. Síðan verðum við á Borgarfirði eystri 22. júlí,“ bætir hann við en trúlega munu margir hrökkva við þegar þeir mæta poppstjörnunni á götu á þessum slóðum.

Valdimar segist ekki hafa gist í tjaldi frá því hann var unglingur. Þegar hann er spurður um útihátíðarreynslu, svarar hann: „Ég fór einu sinni á bindindismótið í Galtalæk sem unglingur og smyglaði áfengi með mér inn,“ segir hann og hlær. „Við vorum nokkrir saman sem smygluðum inn bjór og fundum okkur síðan stað þar sem var lítil gæsla. Ætli þetta hafi ekki verið fyrsta útihátíðin og með fyrstu fylliríunum,“ rifjar hann upp.



Valdimar verður á ferðalagi um landið næstu daga og kemur við á mörgum skemmtilegum stöðum. MYND/EYÞÓR

## Aftur í maraþon

Dagleg rútína Valdimars þessa dagana er ræktin á morgnana. Hann vakti mikla athygli þegar hann tjáði sig heiðarlega á Facebook um þyngdarvanda sinn í október 2015. Hann breytti um lífsstíl og hefur haldið því markmiði sínu. Valdimar fékk áskorun í fyrra um að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu þar sem hann stóð sig með prýði. Hann hefur ákveðið að vera með aftur þetta árið og taka 10 km hlaup. „Ég var maraþonmaðurinn í fyrra en í ár ætla ég að bæta tímann minn,“ segir hann. „Ég er miklu betur á mig kominn núna en í fyrra. Tilfinningin eftir hlaupið í fyrra var algjörlega frábær auk þess sem stemmingin í kringum maraþonið var mjög skemmtileg. Það er liðið eitt og hálft ár frá því ég hóf þessa lífsstílsbreytingu en síðan þá hef ég hreyft mig mikið og finn mikinn mun á mér. Ég er orkumeiri og léttari á mér. Ég vil vera skynsamur, engin boð og bönn, heldur að huga vel að mataræði og hreyfingu. Það skiptir máli fyrir heilsuna.“

## Ný plata á leiðinni

Þegar hann er spurður hvað sé síðan á döfinni þegar tónleikatúrinn er að baki, svarar hann: „Ég hef ekki fengið nein símtöl út af verslunarmannahelginni en ég verð eitthvað að spila með hljómsveitinni minni. Eftir því sem líður á sumarið fara verkefnin að detta inn fyrir haustið. Ég er að vinna í músík og ég stefni á nýja plötu með hljómsveitinni Valdimar í lok árs og sömuleiðis er ég að vinna í sólóverkefni. Það er svo sem enginn gróði í að koma út plötu í dag en það er gaman að setja ný lög á markað,“ segir Valdimar sem hefur ekki tekið sumarfrí frá því hann byrjaði að vinna sem tónlistarmaður. „Ég er eiginlega alltaf í fríi og alltaf í vinnunni.“

TAKTU ELGINN Á ÞETTA




BCAA einstökmatvara

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.Is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.Is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Almenn garðvinna, sláttur og úðun ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Þakmálun**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinnubrögð. Fáðu tilboð. Uppl. í s. 847 1628 & litaverk@gmail.com
Litaverk ehf

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vigsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

**HÚS/ HÆÐ / RAÐHÚS Í 110 REYKJAVÍK EÐA NÁGRENNI**

**(HELST ÁRTÚNSHOLT, ÁRBÆR, SELÁS) ÓSKAST**
Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð í 110 RVK eða nágrenni. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.

Nánari upplýsingar sendist á:

sendtohelgi@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Vantar pizzabakara fyrir ARA Restaurant & Bar, bæði í fullt starf og hlutastarf. s: 663 3239

## Fasteignir




**OPIÐ HÚS**
**föstudaginn 7.júlí kl.12:30-13:00**


**Helgi Jónsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 780 2700
helgi@miklaborg.is


**Gunnar Helgi Einarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 615 6181
gunnarhelgi@miklaborg.is

Um er að ræða 166,7 fm 10 herbergja íbúð á 2 hæðum ásamt risi og 32 fm bílskúr sem innréttaður er sem studioíbúð, samtals : 198,7 fm. Íbúðin er í herbergja leigu en bílskúrinn er í skammtímaleigu. Yfirstandandi framkvæmdir við húsið að utan greiðast af seljanda.

Verð: **79,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**




**OPIÐ HÚS Í DAG**
**föstudaginn 7.júlí kl.17:00-17:30**


**Helgi Jónsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 780 2700
helgi@miklaborg.is


**Gunnar Helgi Einarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 615 6181
gunnarhelgi@miklaborg.is

Mjög vel skipulögð 98,5 fm 4ra herbergja íbúð í kjallara á þessum vinsæla stað
Eldhús og allir skápar endurnýjaðir
Sérinngangur

Verð: **42,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

## Atvinna

# ATVINNA

**STARFSKRAFTUR ÓSKAST Í VERSLUN OKKAR Á SMÁRATORGI**

**Leitum að jákvæðum og þjónustulunduðum einstaklingi í húsgagnadeildina okkar. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.**

**Spennandi og krefjandi starf þar sem miklir möguleikar eru á að vaxa í starfi.**
***Góð árangurstengd laun í boði fyrir réttan aðila.***




**Áhugasamir hafið samband við Smára 842-8065 smari.hauksson@rfl.is**

**Umsóknarfrestur er til 15. Júlí 2017**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
**www.rumfatalagerinn.is**

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

ráðum
ráðningarstofa

# Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

## Tilkynningar

# SKIPULAGSBREYTING

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 16. 05. 2017 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar að Grandatröð 12 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010.**

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði. Í deiliskipulagsbreytingunni felst stækkun byggingarreits lóðarinnar að Grandatröð 12.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðurhellu 2, frá 07.07.2017 – 18.08.2017. Einnig er hægt að skoða tillöguna á **hafnarfjordur.is**. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 18.08.2017. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

**DREKKINGARHYLUR** EFTIR **PAULU HAWKINS** — **INGUNN SNÆDAL** ÞÝDDI

# SUMARTRYLLIR!










Magnaður sálfræðitryllir eftir höfund metsölubókarinnar **Konan í lestinni** – um tvær systur og smábæ sem er fullur af myrkum leyndarmálum.

BJARTUR

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Suðlæg eða breytileg átt 3-8 m/s í dag. Dálítil væta á Suður- og Suðvesturlandi, annars víða léttskýjað en þó skúrir á stöku stað síðdegis. Hiti 10 til 17 stig, hlýjast norðan heiða.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 5° | 13° |
| ↘ 5 | ↓ 7 | ↓ 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 12° | 11° | 10° |
| ↙ 5 | ↖ 2 | ↓ 4 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 10° | 8° |
| ↘ 9 | ↘ 2 | ↘ 7 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 8° | 14° | 6° |
| ↘ 7 | ↓ 8 | ↓ 7 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | | | 1 | | 9 | 5 |
| | 5 | | | 3 | | 1 | | |
| 6 | | | 3 | 9 | | | 8 | |
| 3 | 4 | | 2 | | | | 6 | |
| | | 2 | 4 | 6 | | | | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | | | | | |
| | | | | | | | 4 | 3 |
| 1 | 2 | | | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | 9 | | 5 | | | 7 |
| | | 4 | | 6 | | | 5 | 9 |
| | 3 | | | | | | | |
| | 8 | | 3 | | | | 6 | 1 |
| | 6 | | 5 | | | | 3 | |
| | | 7 | | 1 | 6 | | | |
| | | 8 | | 3 | | 9 | | |
| 1 | | | | | 2 | 6 | | |
| 5 | | | | 9 | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | | | | 1 |
| 3 | 9 | | | 4 | 7 | | | 6 |
| 7 | | 1 | | 8 | 6 | 3 | | |
| | 3 | | | | | 8 | | |
| | 6 | 7 | | | | | 3 | 4 |
| | | | | | | | | 2 |
| | 8 | 3 | | 1 | | | 2 | |
| | | 4 | | | | 5 | 6 | |
| | 7 | | 9 | 3 | | | 4 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 2 | 8 | 9 | 3 | 6 | 5 | 7 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 1 | 7 | 4 | 2 | 9 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 1 | 3 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 6 | 9 | 1 | 3 | 2 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 8 |
| 2 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 6 | 9 | 8 | 5 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 8 | 4 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 3 | 9 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 | 6 | 4 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 1 | 5 | 3 | 8 |
| 8 | 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 |
| 4 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 7 | 6 | 2 |
| 6 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 5 | 4 |
| 7 | 3 | 6 | 9 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 |
| 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 4 | 2 | 3 |
| 1 | 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. eining
6. í röð
8. hár
9. draup
11. lést
12. þvaðra
14. eggjarauðu
16. átt
17. blóm
18. gröm
20. golf áhald
21. ættgöfgi

**LÓÐRÉTT**
1. sía
3. í röð
4. tímaskeið
5. nögl
7. siðleysingi
10. óvild
13. yfirgaf
15. heimsálfu
16. bekkur
19. tveir eins




**LÁRÉTT:** 2. stak, 6. áb, 8. ull, 9. lak, 11. dó, 12. drafa, 14. blóma, 16. sa, 17. rós, 18. erg, 20. tí, 21. tign.
**LÓÐRÉTT:** 1. sáld, 3. tu, 4. aldamót, 5. kló, 7. barbari, 10. kal, 13. fór, 15. asíu, 16. set, 19. gg.

## Skák Gunnar Björnsson

Hridtopoulos átti leik gegn Karaginis í Grikklandi árið 1980.
**Hvítur á leik**
**1. … Bh3! 2. gxh3 R6xd5! 3. Rxd5 Dg5+ 4. Dg4 Rxh3+ 0-1.**
Skákævintýri á Ströndum hefst í dag.
**www.skak.is:** Alltaf nýjar skákfréttir.





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

### Slagirnir utan vallar

**Þrjár landsliðskonur** ræða um slagina utan vallar og byltinguna sem er fram undan.




### Stelpurnar okkar

Við bregðum upp nærmynd af stelpunum okkar og fjöllum um leiðina á **EM í Hollandi.**

### Leyndar perlur

Ótalmargar **útivistarperlur** er að finna á stórhöfuðborgarsvæðinu. Sumar þeirra koma verulega á óvart.



### Styðja við hönnun

**Akkúrat Stúdíó** er nýtt sýningarrými rekið í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands sem styður við íslenska hönnun.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 7. JÚLÍ 2017

### Tónlist

**Hvað?** Melodic objects / experimental juggling & music
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Bandaríski tónlistarmaðurinn Brian Crabtree og fjölþjóðlegur hópur sirkuslistamanna bjóða upp á einstaka kvöldstund í Mengi þar sem lifandi tónlistarspuni er fléttaður við sirkuslistir og sjónhverfingar. Sirkuslistamennirnir fimm eru allir í fremstu röð sirkuslistamanna, hafa komið fram með heimsþekktum sirkusum á borð við Cirque Du Soleil og Cirkus Cirkör, rannsakað og miðlað sirkuslistinni í gegnum kennslu, vinsæla TEDx-fyrirlestra og meira og fleira. Eins og gefur að skilja býður rými Mengis upp á lágstemmdar og hófstilltar atlögur að sirkusforminu en listamennirnir njóta þess að vinna með ólík rými víða um heim. Miðaverð 2.000 kr. – miðar seldir við innganginn og í gegnum booking@mengi.net.

**Hvað?** Pálmi Sigurhjartar-Sing-Along
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græna herberginu
Ljúflingurinn Pálmi Sigurhjartarson kemur gestum okkar í gott skap. Hann fer hamförum á flyglinum og gestir geta tekið virkan þátt í leik og söng. Frábærri stemningu lofað.

**Hvað?** Django með Gunnari Hilmarssyni
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Le Bistro
Boheme kvöld með gítarleik og víni. Boðið verður upp á tilboð á barnum á meðan Gunnar Hilmarsson býður upp á ljúfa tóna.


Verk eftir Margréti Jónsdóttur af sýningunni Blóðbönd.

### Sýningar

**Hvað?** Lunar Orbit (The Orb Film)
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Heimildarmyndin Lunar Orbit eftir leikstjórann Patrick Buchanan um hljómsveitina The Orb verður frumsýnd á Íslandi (aðeins ein sýning) á Extreme Chill Festival 2017 í Bíó Paradís. Lunar Orbit hefur verið sýnd á mörgum af helstu kvikmynda- og tónlistarhátíðum um allan heim, t.d. Manchester Film Festival, Toronto Independent Film Festival, Doc'n Roll Film Festival, Moogfest og The Melbourne Documentary Film Festival.

**Hvað?** Blóðbönd myndlistarsýning
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Grafíksalnum, Tryggvagötu 17
Opnun á myndlistarsýningunni Blóðbönd. Myndlistarmennirnir Arna Gná Gunnarsdóttir og Margrét Jónsdóttir sýna málverk og skúlptúra. Þær starfa í tveimur löndum, á Íslandi og í Frakklandi, að list sinni. Þær vinna báðar út frá hefðum og gömlu handverki, kvenleika, femínisma og heimilinu.


Bílafólk ætti ekki að láta sig vanta á driftæfingu hjá Akstursíþróttafélagi Hafnarfjarðar.

### Uppákomur

**Hvað?** Driftæfing!
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Akstursíþróttafélagi Hafnarfjarðar
Æfing fyrir þá sem taka þátt í Gatebil á næsta ári! Frítt inn fyrir áhorfendur! Hvað kostar að keyra? Þeir sem hafa stjörnufélagsaðild keyra frítt. Þeir sem hafa almenna félagsaðild borga 1.000 krónur. Þeir sem eru utan félags greiða 3.000 krónur.

**Hvað?** Bryggjuhátíðin á Stokkseyri 2017
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Árborg
Kvöldvaka á bryggju Stokkseyrar er sett klukkan 20.30. Þá tekur við fjölbreytt prógramm. Karitas Harpa, vinningshafi í The Voice Ísland, heldur meðal annars uppi stuðinu. Valgeir Guðjónsson, Stuðmaður með meiru, stígur líka á svið. Klukkan 23.00 hefst ball á Draugabarnum með Magnúsi Kjartani, aðgangseyrir 2.000 krónur.



# FISHERMAN

„BORÐUM MEIRI FISK"




**Fiskréttir Fisherman eru einfaldir og handhæg samsetning sem gerir þig að listakokki.**
**Hollur matur fyrir kröfuharða tilbúinn á innan við 10 mínútum.**




**Sósur sem fullkomna hvaða fiskmáltíð sem er.**




**Gæðasíld frábær viðbót á veisluborðið.**

Gildir til 9. júlí á meðan birgðir endast.

BEN&JERRY'S

VEGAN




1.199 kr/stk

## Ben&Jerry´s Non Dairy ís

P.B & Cookies, Coffee Caramel Fudge, Chocolate Fudge Brownie og Chunkey Monkey.




849 kr/pk

## dr. Praeger´s

Grænmetis og bauna borgarar.

VEGAN




1.099 kr/stk

## Daiya Cheezecake

Mjólkurlaus, glúteinlaus og Sojalaus.

*Nýtt í Hagkaup*




199 kr/pk

## Pipar trítlar

Púkalegt piparhúðað lakkríshlaup.

BAK ARÍ IÐ

*Nýjung*

*Nú einnig með kúmen*



799 kr/stk

## Steinbakað súrdeigsbrauð

Aldargömul frönsk uppskrift. Ekkert ger. Langtíma hefun.




149 kr/stk

## Sumar Kaldi léttur

Bruggaður eftir aldagamalli tékkneskri hefð. 2,25%.

Justin's

# HNETUSMJÖR OG SÚKKULAÐI

*Nýtt í Hagkaup*




Heslihnetu-, jarðhnetu- og möndlusmjör.




Dökkt, hvítt og mjólkursúkkulaði.

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg




ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

# NAUT HELGARINNAR

Bernaisesósur Hagkaups
Benni #1 og Benni #2 chili
429 kr/stk

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

ÍSLENSKAR NAUTALUNDIR
5.779 kr/kg
verð áður 6.799



Holta
Kaldi BBQ marinering

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-VÆNGIR
719 kr/kg
verð áður 899



Holta

TILBOÐ
10%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-VÆNGIR
314 kr/kg
verð áður 349



Holta

TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGALÆRI MEÐ LEGG
699 kr/kg
verð áður 999



ÍSLANDS LAMB

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

LAMBA KÓTILETTUR
2.474 kr/kg
verð áður 3.299



ÍSLANDS LAMB

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

LAMBA-PRIME
3.039 kr/kg
verð áður 3.799




TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

## GRANDIOSA PIZZA

Pepperóní
Hakk & laukur
Skínka & paprika

543 kr/stk
fullt verð 679

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# DAGSKRÁ

# Föstudagur




Stórskemmtilegur spurningaþáttur að Pub-Quiz fyrirmynd þar sem áhorfendur heima í stofu geta tekið þátt í leiknum. Keppendur í sal spila innbyrðis í pörum og er það lið sem er með flest rétt svör hverju sinni sigurvegari kvöldsins með tilheyrandi verðlaunum.
Umsjónarmaður þáttarins er Jóhann G. Jóhannsson.

FRÁBÆRT FÖSTUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



**A ROYAL NIGHT OUT**

Á deginum þegar seinni heimsstyrjöldinni lýkur og friður færist yfir Evrópu á ný, þá fá prinsessurnar Elizabeth og Margaret leyfi til þess að taka þátt í hátíðarhöldunum. Þetta er nótt sem er full af eftirvæntingu og rómantíkin liggur í loftinu.



**A HOLOGRAM FOR THE KING**

Bandarískur athafnamaður er sendur í viðskiptaleiðangur til Sádi-Arabíu og það virðist ekkert ganga upp fyrr en hann hittir innlendan lækni og leigubílstjóra sem gjörbreyta sýn hans á þennan framandi menningarheim.
Aðalhlutverk leikur Tom Hanks.

**WARCRAFT**

Spennu- og ævintýramynd, byggð á samnefndri tölvuleikjaseríu sem notið hefur gríðarlegra vinsælda allt frá því að fyrsti leikurinn kom út árið 1994.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.45** Litlu Tommi og Jenni
**08.05** The Middle
**08.30** Pretty Little Liars
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Save with Jamie
**11.10** The Heart Guy
**12.05** The New Girl
**12.35** Nágrannar
**13.00** Yogi Bear
**14.20** Run Fatboy Run
**16.00** Flúr & fólk
**16.30** Top 20 Funniest
**17.15** Simpson-fjölskyldan
**17.40** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Ísland í sumar
**19.25** The Simpsons
**19.50** Svörum saman
**20.20** A Royal Night Out Rómantísk mynd frá 2015 með Emily Watson, Rupert Everett og Söruh Gadon. Daginn sem seinni heimsstyrjöldinni lýkur árið 1945, og friður færist yfir Evrópu á ný, þá fá prinsessurnar Elizabeth og Margaret leyfi til að taka þátt í hátíðarhöldunum. Þetta er nótt sem er full af spennu og eftirvæntingu, og rómantíkin liggur í loftinu.
**21.55** A Hologram for the King
**23.30** Maggie Spennutryllir frá 2015 með Arnold Schwarzenegger og Abigail Breslin. Ung kona smitast af sjúkdómi sem breytir sjúklingnum smám saman í uppvakning. Faðir hennar vill gera allt til að bjarga henni en til hvaða ráða getur hann gripið? Hér er á ferðinni áhugaverð mynd með frumlegum söguþræði en hún gerist þegar skæður sjúkdómur sem breytir fólki smám saman í stórhættulega uppvakninga geisar á jörðu. Þegar ung kona, Maggie, uppgötvar að hún hefur sýkst flýr hún að heiman til að vernda föður sinn fyrir því sem koma skal. Hann tekur hins vegar ekki í mál að reyna ekki til þrautar að bjarga dóttur sinni.
**01.05** You, Me and Dupree
**02.55** Child 44
**05.10** Rush Hour Bráðskemmtilegir spennuþættir sem eru byggðir á myndinni Rush Hour og fjalla um tvo ólíka lögreglumenn sem stilla saman strengi sína en það er hinn kjaftaglaði James Carter frá Los Angeles og Jonathan Lee sem er ofursvalur og samviskusamur. Samvinna þeirra gengur upp og oft og tíðum með spaugilegum uppákomum.
**05.50** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**07.15** Pepsí deild kk - Fjölnir-Valur
**08.55** Síðustu 20
**09.20** Premier League World
**09.50** Season Highlights
**10.45** UEFA Europa League-Ajax - Manchester United
**12.50** Borgunarbikar kk - Stjarnan-KR
**14.40** Borgunarbikar kk - Fylkir-FH
**16.30** Borgunarbikarmörkin
**17.30** 1 á 1
**18.30** Búrið
**19.05** Inkasso-deildin - Selfoss-Þróttur
**21.15** Teigurinn
**22.20** 1 á 1
**22.50** Formúla E - Magazine Show
**23.20** Inkasso-deildin - Selfoss-Þróttur
**01.00** Teigurinn
**02.05** 1 á 1

## STÖÐ 3

**17.40** Raising Hope
**18.05** The New Girl
**18.30** Community
**18.55** Modern Family
**19.20** Lip Sync Battle
**19.45** Gilmore Girls
**20.30** It's Always Sunny in Philadelphia
**20.55** Eastbound & Down
**21.25** Entourage
**21.50** Six Feet Under
**22.55** The New Adventures of Old Christine
**23.20** Fresh off the Boat
**23.45** Modern Family
**00.10** Lip Sync Battle
**00.35** Gilmore Girls
**01.20** It's Always Sunny in Philadelphia
**01.45** Eastbound & Down
**02.15** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Dóra könnuður
**07.24** Mörgæsirnar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur
**09.00** Lína Langsokkur
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Víkingurinn Viggó
**10.11** Zigby
**10.25** Stóri og Litli g
**10.38** Ljóti andarunginn og ég
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur
**13.00** Lína Langsokkur
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Víkingurinn Viggó
**14.11** Zigby
**14.25** Stóri og Litli
**14.38** Ljóti andarunginn og ég
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur
**17.00** Lína Langsokkur
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Kormákur
**18.12** Zigby
**18.26** Stóri og Litli
**18.39** Latibær
**19.00** Fillinn Horton



Svampur Sveinsson kl. 08.24, 12.24 og 16.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.45** Inside the PGA Tour
**09.10** The Greenbrier Classic
**12.10** Thornberry Creek LPGA Classic
**14.40** Champions Tour Highlights
**15.35** Inside the PGA Tour
**16.00** The Greenbrier Classic
**19.00** The Greenbrier Classic
**22.00** Thornberry Creek LPGA Classic
**00.30** The Greenbrier Classic

## BÍÓSTÖÐIN

**11.50** Woodlawn
**13.50** Reach Me
**15.20** Learning To Drive
**16.50** Woodlawn Kvikmynd frá 2015 sem byggð er á sönnum atburðum sem gerðust á áttunda áratugnum og fjallar um hæfileikaríka ruðningshetju sem þarf að læra að takast á við hindranir tengdar kynþætti hans innan vallar sem utan.
**18.55** Reach Me
**20.30** Learning to Drive
**22.00** Warcraft
